

boenda
FERÐIR

AÐVENTA Í WIESBADEN 2



29. nóvember - 4. desember 2025
Fararstjórn: Íris Sveinsdóttir

Aðventuferð
Þýskaland

Ferðalýsing

Aðventan er tími ljóss og friðar og ilmurinn af jólaglöggi og ristudum möndlum liggur í loftinu. Í þessari sex daga jólaferð höldum við til Wiesbaden sem stendur á bökkum **Rínar**, rétt vestur af Frankfurt. Í Wiesbaden er mikil aðventustemning og í miðbænum er fallegur jólamarkaður þar sem **upplýstar stjórnur** svífa yfir litríkum jólahúsum. Boðið verður upp á bæjarrölt með fararstjóra en eins gefst tækifæri til að kanna bæinn á eigin vegum, líta inn til kaupmanna eða fylgjast með mannlífinu frá einu af fjölmörgum **kaffi-** og **veitingahúsum** miðbæjarins. Við förum í dagsferð til **Rüdesheim**, vinsæls ferðamannabæjar við ána Rín. Í hjarta Rüdesheim er hinn skemmtilegi jólamarkaður þjóðanna þar sem hægt er að kaupa fallegar gjafavörur og fylgjast með hvernig handverk frá hinum ýmsu þjóðum er unnið. Höldum einnig til **Heidelberg** sem stendur á bökkum árinna Neckar. Þar má finna einstaklega áhugaverðar gamlar byggingar, sérlega fallega dómkirkju og glæsilegu höllina Heidelberg sen gnæfir tignarlega yfir borgina. Þá er upplagt að ylja sér við jóladrykkinn **Glühwein** og gaman er að röltu um upplýstar borgir og njóta jólastemningarinnar til fulls.

6 dagar | 5 nætur í Wiesbaden



29. nóvember | Flug til Frankfurt

Brottför frá Keflavík kl. 7:25 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Frankfurt kl. 12:00 að staðartíma. Rúta flytur okkur til Wiesbaden þar sem við gistum á hóteli í miðbænum. Þetta er einstaklega falleg borg með merka sögu og státar af glæsilegum byggingum. Eftir komuna þangað er upplagt að röltu á jólamarkaðinn í bænum.

30. nóvember | Frjáls dagur í Wiesbaden

Í dag er frjáls dagur í Wiesbaden.

Fararstjórinn mun bjóða upp á bæjarrölt og leiðsögn fyrir hádegi fyrir þá sem vilja en síðan verður frjáls tími. Allar stærstu verslanirnar eru staðsettar á Lang- og Kirchgasse. Þetta eru göngugötur rétt hjá hótelinu og stóru búðirnar eru opnar fram á kvöld. Gott úrval veitingastaða og kaffihúsa er í bænum og að ónefndum jólamarkaðnum sem teygir sig frá ráðhústorginu inn í litlu hliðargötunna með úrvali af gjafavöru og góðgæti.



1. desember | Dagsferð til Rudesheim

Pennan dag verður ekið til Rudesheim sem er einn vinsælasti ferðamannabærinn við Rín. Við byrjum á að fara upp á hæðina fyrir ofan bæinn til að njóta stórkostlegs útsýnis yfir árdalinn. Rudesheim er þekktur fyrir sín gömlu og fallegu bindingsverkshús og skemmtilegar þröngar götur sem iða af mannlífi. Bærinn verður kominn í sannkallaðan jólabúning með jólamarkaði þjóðanna, þar sem gaman er að skoða handgerða muni frá 18 mismunandi þjóðum í 120 jólabásum með ilmandi heitt Glühwein við hönd.



2. desember | Dagsferð til Heidelberg

Við höldum til Heidelberg í dag og byrjum á skemmtilegri göngu með fararstjóranum okkar um þessa dásamlegu borg sem er svo sannarlega ein af fallegustu borgum landsins. Borgin, sem stendur á bökkum árinna Neckar, er ein elsta háskólaborg Þýskalands og ber miðbærinn þess merki með einstaklega áhugaverðum gömlum byggingum, sérlega fallegri dómkirkju og glæsilegu höllinni Heidelberg sem gnæfir tignarlega yfir borgina og er á heimsminjaskrá UNESCO. Hér er einstök adventudýrð og



mjög skemmtilegur jólamarkaður. Eftir að hafa skoðað nægju okkar af markverðustu stöðum borgarinnar gefst tími til að njóta alls þess sem hún hefur upp á að bjóða á eigin vegum. Litrík kaffi- og veitingahús eru um alla borg og er upplagt að njóta þess að setjast inn og fá sér hressingu. Einnig er hægt að líta inn á kaupmenn borgarinnar sem eru ófáir.

3. desember | Frjáls dagur í Wiesbaden

Nú er frjáls dagur í rólegheitum og upplagt að skoða Wiesbaden betur á eigin vegum og njóta þess sem hún hefur upp á að bjóða. Þeir sem vilja gætu tekið lestina til Frankfurt þar sem Frankfurter jólamarkaðurinn teygir sig alveg frá aðal göngu- og verslunargötunni, Zeil, og niður að gamla bæjarhlutanum. Þar eru einnig mörg áhugaverð söfn og gaman að ganga um borgina og með fram ánni Main.



4. desember | Heimferð

Eftir morgunverð er farið með rútu út á flugvöll og síðan er flug frá Frankfurt kl. 13:05. Lent í Keflavík kl. 15:55 að íslenskum tíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.

Verð

199.900 kr. á mann í tvíbýli | 43.500 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Athugið á hótelinu eru ekki í boði aðskilin rúm.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir milli Frankfurt flugvallar og hótels.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á hóteli við göngugötuna.
- ✓ Morgunverður.
- ✓ Skoðunarferð til Rüdesheim.
- ✓ Skoðunarferð til Heidelberg.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegis- og kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.



Hótelið



Gist verður á Select Hotel Wiesbaden City hótelinu og er það staðsett í miðbæ Wiesbaden, alveg við göngugötuna. Fjöldi veitingastaða og verslana er í nágrenninu að ónefndum jólamarkaðinum. Á hótelinu sem er þriggja stjörnu eru um 130 hugguleg herbergi með baði, flatskjá, síma og hárfurrku. Morgunverður er innifalinn og móttakan ásamt hótélbar, þar sem hægt er að panta léttu rétti og drykki,

er opin allan sólarhringinn. Þráðlaust internet (WiFi) er á öllum herbergjum og í móttökunni.

Nánari upplýsingar

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.